

**Sþ.**

**310. Tillaga til þingsályktunar**

[163. mál]

um námsbækur framhaldsskólanemenda.

Flm.: Stefán Gunnlaugsson, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nauðsynlegar kennslubækur, innlendar og erlendar, sem notaðar eru á hverjum tíma vegna náms í framhaldsskólum, séu jafnan á boðstólum í verzlunum, en talsvert skortir á, að svo hafi verið, svo að fullnægjandi geti talizt. Enn fremur verði athugað, hvort unnt sé að auka útgáfu íslenzkra kennslubóka og á þann hátt draga úr notkun erlendra bóka, einkum í menntaskólum og Háskóla Íslands. Í þessu sambandi kemur til álita, hvort nauðsynlegt sé að fela Ríkisútgáfu námsbóka forgöngu í þessum efnum.

Þá verði kannað, hvernig háttáð er verðlagningu erlendra kennslubóka í verzlunum, með það fyrir augum að tryggja, að þær séu á boðstólum á hóflegu verði.

**Greinargerð.**

Talsverð brögð munu hafa verið að því, að nemendur hafi átt í erfiðleikum með að afla nauðsynlegra erlendra kennslubóka, sem notaðar eru við nám í framhaldsskólum, einkum í upphafi skólatímabils á haustin. Hafa sumir þeirra um langan tíma verið án kennslubóka, sem lagðar eru til grundvallar við nám, sem þeir stunda, þar sem þær hafa ekki reynzt fáanlegar hérlandis. Gildir þetta fyrst og fremst um erlendar, en einnig um innlendar bækur, sem notaðar eru við nám í framhaldsskólum.

Brýna nauðsyn ber til, að úr þessu verði bætt. Til þess að koma hér á umbótum er hugsanlegt að fela einhverjum einum aðila forgöngu í þessu efni, t. d. Ríkisútgáfu námsbóka. Þó skal tekið fram, að ekki er víst, að bóksalar eigi sök á umræddum bókaskorti í verzlunum þeirra.

Af skiljanlegum ástæðum verður ekki komizt hjá því að nota erlendar kennslubækur í íslenzkum framhaldsskólum að einhverju marki. Hins vegar eru uppi þær skoðanir, að vel sé kleift á hagkvæman hátt að auka útgáfu íslenzkra kennslubóka og draga úr notkun erlendra frá því, sem nú er, ef vilji og áhugi sé fyrir hendi hjá þeim, sem þeim málum eiga að sinna. Hugsanlegt væri að fela Ríkisútgáfu námsbóka verkefni á þessu sviði.

Verðlag innfluttra kennslubóka, sem hér hafa verið á boðstólum, hefur verið mjög hátt og sömu bækur verið seldar á misjafnlega háu verði eftir útsölustöðum. Slíkar bækur eru sjálfsagt dýrar í innkaupsverði, en fyllsta ástæða er að láta kanna, hvernig verðlagningu þeirra er hér háttáð, og tryggja, eftir því sem frekast er unnt, að þær séu fáanlegar á sanngjörnu verði.